

LESTUR ORÐLEYSA

Mat á lestri orðleysa (non-words/pseudo words) er annað tveggja stuðningsprófa við lesfímimat Menntamálastofnunar. Því er ætlað að veita kennurum betri vísbendingar um mögulegar ástæður þess að nemendur sýna slaka frammistöðu á lesfímimati en kanna ætti stöðu orðleysulestrar hjá nemendum sem eru rétt yfir og undir lesfímiviðmiði 1 sem Menntamálastofnun hefur gefið út.

Lestur á orðleysum metur fyrst og fremst stöðu hljóðaaðferðar hjá nemanda (sjá umfjöllun um hljóðaaðferðina á *Læsisvefnum*). Orðleysur eru hljóðakeðjur sem búnar eru til úr bókstöfum þar sem hver bókstafur stendur fyrir ákveðið málhljóð. Við gerð þeirra er reglum um íslenskt hljóðkerfi og rithátt fylgt. Orðleysur eru, eins og nafnið gefur til kynna, merkingarlausar og þar sem þær eru lesnar sem stök orð er ekki hægt að nýta samhengi texta til að ráða í mögulega merkingu þeirra né setningafræðilegt hlutverk.

Ástæður fyrir slakri frammistöðu við lestur orðleysa

Þrátt fyrir að hljóðaaðferðin sé skilvirk og góð leið til að læra að lesa tekst ekki öllum börnum að ná jafnfljótt og vel tókum á aðferðinni. Fyrir því geta verið margar ástæður:

- Slök hljóðkerfisvitund og þá sérstaklega slök hljóðavitund.
- Erfiðleikar við hljóðtengingu (m.a. minnstengdir þættir) og hljóðgreiningu.
- Óöryggi við að þekkja bókstafstákn, bókstafshljóð og að tengja hvort tveggja saman.
- Skortur á sjálfvirkni við tengingu bókstafstákns og hljóðs. Erfiðleikar við að greina á milli útlitslíkra og hljóðlíkra bókstafa.
 - o Útlitslíkir bókstafir: b-d-p/m-n/o-ó/u-ú/i-í.
 - o Hljóðlíkir bókstafir: b-p/d-t/g-k/f-v/ð-þ.
- Erfiðleikar við lestur tvíhljóða: au/ei-ey/æ/á/ó.
- Erfiðleikar við lestur algengra ritháttarmynstra (ritháttarmynstur er vanaleg röð bókstafa út frá málhljóðum tungumálsins eins og þau birtast í íslensku ritmáli). Samhljóðasambönd eru dæmi um ritháttarmynstur sem sumir nemendur þurfa að fá sérstaka þjálfun í lesa.
- Erfiðleikar við að greina stutt og langt sérhljóð við ritun einfalds eða tvöfaldrar samhljóða.
- Erfiðleikar við lestur orða þar sem framburður og ritháttur fer ekki saman (t.d. að lesa orðið kex sem kjex).

Segja má að þetta sé það sem kennarar þurfi að hlusta eftir þegar orðleysulestur er metinn og skrá niður hjá sér við fyrirlögn. Slíkar upplýsingar eru gagnlegar þegar ákveða á eðli íhlutunar og þar sem mat á orðleysulestri er ekki lagt fyrir alla nemendur getur ávinningurinn af slíkum vinnubrögðum leitt til tímasparnaðar fyrir kennara og betri og markvissari íhlutunar fyrir nemandann. Vinna þarf markvisst að því að allir nemendur, sem til þess hafa forsendur, nái fullkomnum tókum á hljóðaaðferðinni sem fyrst og góðum tókum á lestri við lok 2. bekkjar þar sem mikil fylgni er á milli góðrar lestrarkunnáttu og árangurs í námi.

Lestrarkennarinn og íhlutun vegna orðleysulestrar

Erfiðleikar við lestur orðleysis geta átt rætur sínar að rekja til ónógrar eða ómarkvissrar lestrarkennslu en í þeim tilvikum sem lestrarkennslan skilar annars tilætluðum árangri er líklegt að nemandi sem á í erfiðleikum glími við undirliggjandi vanda. Oft er ekki hægt að taka á slíkum vanda með almennum aðgerðum inni í bekk og gæti slíkur nemandi þurft á utanaðkomandi stuðningi að halda. Góð og vönduð lestrarkennsla, á fyrstu stigum lestrarnáms, getur þó skipt sköpum fyrir nemendur með væga veikleika og mögulega gert það að verkum að þeir nái tökum á lestri um svipað leyti og bekkjarfélagar.

Eins og áður segir er mat á orðleysulestri lagt fyrir til að kanna stöðu hljóðaaðferðar. Það getur verið ástæða til að leggja slíkt mat fyrir nemendur allt upp á miðstig ef grunur leikur á að nemandi glími við lestrarerfiðleika. Innlögn á hljóðaaðferðinni fer þó fyrst og fremst fram í 1. bekk og ef vandað er sérstaklega til verka á fyrstu tveimur árum lestrarkennslu er líklegt að kennara takist að gera allflesta nemendur sína læsa. Hér á eftir fara nokkrar tillögur sem vert er að hafa í huga varðandi lestrarkennslu inni í bekk á fyrstu stigum lestrarnáms:

- Kortlagning á forsendum til lestrarnáms og lestrarkunnáttu eftir leikskólavist (almennt gengi í leikskóla, niðurstöður Hljóm-2, niðurstöður stafakönnunar, almennar bakgrunnsupplýsingar og niðurstöður úr Lesferli – lesskimun fyrir 1. bekk).
- Kennsla skipulögð út frá upplýsingum sem fást úr kortlagningu. Tekið mið af kunnáttu nemenda og viðfangsefni valin sem byggja á fyrri færni svo hún nýtist.
- Vönduð stafainnlögn þar sem nemendur fá mörg og fjölbreytt tækifæri til að þjálfra tengsl bókstafstákna og hljóða. Regluleg upprifjun.
- Lestur og ritun eru gagnvirk ferli á fyrstu stigum lestrarnáms og þjálfra þarf ritun til jafns við lestur með fjölbreyttum viðfangsefnum.
- Verja þarf miklum tíma í markvissa vinnu með lestur og ritun en beint orsakasamband er milli árangurs og tímamagns sem notað er til slíkrar vinnu.
- Leggið áherslu á reglubundna lestrarþjálfun heima fyrir með góðri eftirfylgni kennara.
- Á *Læsisvefnum* má finna verkefnið *Stafastund* en það er íhlutunarefni fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér hljóðaaðferðina.

Heimildaskrá

- Cain, K. (2010). *Reading development and difficulties*. Hoboken, NJ: John Wiley & Sons.
- Goulandris, N. K. (2006). Assessing reading and spelling skills. Í Margaret J. Snowling og Joy Stackhouse (ritstj.) *Dyslexia, speech and language: A practitioner's handbook* (2. útg.). West Sussex: Whurr Publishers Ltd.
- Helga Sigurmundsdóttir (2011). Niðurstöður skimunar – Hvað svo? Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 45-62). Reykjavík: Násmatsstofnun og Háskóli Íslands.
- Høien, T. (2008). *Handbók fyrir Logos: Greining á dyslexíu og öðrum lestrarerfiðleikum*. Reykjavík: Logometrica.
- Kilpatrick, D. A. (2015). *Essentials of assessing, preventing, and overcoming reading difficulties*. Hoboken, NJ: John Wiley & Sons, Inc.
- Shanahan, T. (2017). Relationships between reading and writing development. Í Charles A. MacArthur o.fl. (ritstj.), *Handbook of writing research* (bls. 194-207). (2. útg.). New York/London: The Guilford Press.
- Steinunn Torfadóttir (2011). Er hægt að veita öllum börnum kennslu við hæfi?: Stigskipt kennsla (RTI). Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 35-44). Reykjavík: Násmatsstofnun og Háskóli Íslands.